

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

Björn Ingi Edvardsson

UMSÖGN BIRT 31.01.2024

Eftirfarandi er umsögn fh. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar. Fundur nefndar var haldinn 29. janúar 2024.

Lagt var fram erindi Reykjanesbæjar, dags. 21.12.2023, þar sem óskað er umsagnar um rammahluta aðalskipulags Reykjanesbæjar á Ásbrú. Um er að ræða endurskoðun á rammaskipulagi Ásbrúar frá 2020 og nánari útfærsla fyrri stefnu. Lagðar eru línur fyrir væntanlegt deiliskipulag. Jón B. Guðnason fulltrúi í skipulagsnefnd vakti athygli á að Keflavíkurflugvöllur er að hluta til herflugvöllur með tilheyrandi hávaða frá herflugvélum. Er nauðsynlegt að fram komi í væntanlegum skipulagsskilmálum svæðisins allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi á flugvöllinum í næsta nágreppi svæðisins. Væntanlegir íbúar verði þannig að fullu upplýstir um hvers má vænta í þessu sambandi.

Skipulagsnefndin gerir ekki aðrar athugasemdir við rammaskipulagið. Fulltrúar Reykjanesbæjar í nefndinni véku af fundi undir þessum lið

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 REYKJANESBÆ



B.t. Gunnars Kr Ottossonar, arkitekts
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar
gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is

Umsögn vegna kynningar á framtíðarsýn fyrir Ásbrú til 2050, Reykjanesbæ.

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar framtíðarsýn fyrir Ásbrú til 2050, Reykjanesbæ, sem unnið er af ALTA ráðgjöf dags í desember 2023.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar eru ekki gerðar athugasemdir en væntir þess að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.

Síða 1/1

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



42. fundur

42. fundur Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 11. janúar 2024, kl. 16:00. Fundurinn er haldinn í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Guðmundur Björnsson, Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar K. Ottósson, Gunnar A. Axelsson, Einar Jón Pálsson, Þóra Kristín Klemenzdóttir, Davíð Viðarsson, Kjartan Már Kjartansson, Ingþór Guðmundsson, Laufey Erlendsdóttir, Magnús Stefánsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu þeir: Lilja Sigmarsdóttir, Fannar Jónasson, Atli Geir Júlíusson og Björn Ingi Edvardsson.

Gestir fundarins eru þeir Jóhann Ingi Jóhannsson og Svanur Bjarnason frá Vegagerðinni.

Eysteinn Eyjólfsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Kynning og samtal – Vegagerðin.

a) Tvöföldun Reykjanesbrautar.

Jóhann Ingi fór yfir drög að Samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 en ákveðið var að biðja eftir frumdrögum frá sveitarfélögum vegna hugmynda um tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fitjum, að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Samstarfshópur hefur verið settur saman frá Kadeco, Isavia, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ til að endurskoða valkostagreiningu. Vegagerðin hefur einnig hafið vinnu við mat á umhverfisáhrifum af þessum framkvæmdum. Gera má ráð að umhverfismatið geti tekið allt að 24 mánuðum.

b) Stofnvegir – Nesvegur.

Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja leggur áherslu á að Nesvegi verði breytt í stofnveg vegna fyrirhugaðar atvinnuuppbyggingu á Reykjanesi auk þess sem mikil umferð ferðamanna er um veginn. Vegagerðin fór yfir það hvað þyrfti að gerast til þess að vegurinn yrði stofnvegur.

c) Almenningsamgöngur.

Vegagerðin mun horfa frekar afmarkað á almenningsamgöngur í tengslum við K64 þróunaráætlunina en Vegagerðin hefur verið í samstarfi við sveitarfélögin vegna hjóla- og göngustíga milli byggðakjarna á Suðurnesjum.

d) Hjóla- og göngustígar.

Vegagerðin og svæðisskipulagsnefndin ræddu stöðu verkefnisins en fyrrnefndir aðilar hafa átt í samstarfi vegna þess.



SVÆÐISSKIPULAG
SUÐURNESJA
2008 - 2024

2. Tölvupóstur dags. 03.10.2023 frá Verkís, v. áforma um nýja gaslögn milli Svartsengis og Auðlindagarðsins. Beiðni um umsögn.
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við áform um gaslögn milli Svartsengis og Auðlindagarðsins á Reykjanesi.
3. Beiðni um umsögn um Ásbrú rammahluta – kynning á vinnslustigi, dags. 21.12.2023.
Gunnar K. Ottósson fylgi málinu eftir fyrir hönd Reykjanesbæjar. Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við vinnslutillöguna um Ásbrú.
4. Kostnaðarmat við endurskoðun Svæðisskipulags Suðurnesja.
Lögð er fram áætlun um kostnað vegna endurskoðunar á Svæðisskipulagi Suðurnesja. Gert er ráð fyrir því að heildarkostnaður við verkefnið sé kr. 25.155.000,-. Formanni og ritarar er falið að sækja um mótframlag til Skipulagsstofnunar en kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af hlutaðeigandi sveitarfélögum og Skipulagssjóði.
5. Önnur mál.

Ekki fleiri mál færð til bókar og fundi slitið kl. 17:15.

Reykjanesbær
B.t. skipulagsfulltrúa
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ
skipulag@reykjanesbar.is

25.janúar 2024
2023-12-61/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um kynningu á Framtíðarsýn fyrir Ásbrú til 2050

Landsneti barst, þann 21. desember 2023, beiðni um að veita um kynningu á Framtíðarsýn fyrir Ásbrú til 2050, mál nr. 1074/2023 í Skipulagsgáttinni. Um er að ræða skipulagslýsingu fyrir rammahluta aðalskipulags. Umsagnafrestur er til 31. janúar 2024.

Landsnet hefur farið yfir kynnt gögn. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því. Landsnet vekur athygli á að *Ásbrúarlínur 1, 2 og 4* sem eru 33 kV jarðstrengir, liggja innan skipulagssvæðisins og *Fitjalína 2*, sem er 132 kV jarðstrengur liggur meðfram Reykjanesbraut. Einnig er tengivirkið Ásbrú innan skipulagssvæðisins. Þessi mannvirki eru á vegum Landsnet en ekki er gerð grein fyrir þeim í skipulagslýsingunni.

Samkvæmt kynntum gögnum er gert ráð fyrir að göngu- og hjólaleiðir og almenningssamgöngur þveri strengina. Einnig er gert ráð fyrir grænum svæðum þar sem *Ásbrúarlínur* liggja og grænum jaðri við Reykjanesbraut þar sem *Fitjalína 2* liggur.

Landsnet leggur á það áherslu að skipulag svæðisins taki fullt tillit til flutningsmannvirkja fyrirtækisins á svæðinu. Landsnet bendir á kortavefsjá fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/> en þar má sjá nákvæma legu háspennulína og tengivirkja. Einnig lætur fyrirtækið í té allar upplýsingar um mannvirkin, sé þess óskað.

Gera þarf grein fyrir staðsetningu og umfangi strengjanna, afmörkun helgunarsvæða og þeim takmörkunum sem gilda um þau. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við svæðin. Einnig er mikilvægt að sett verði ákvæði um að samráð skuli haft við Landsnet vegna framkvæmda nærri strengjum. Á heimasíðu Landsnets er að finna öryggisreglur vegna vinnu í námunda við háspennna jarðstrengi¹. Helgunarsvæði 132 kV jarðstrengs er 11 m breitt, þ.e. 5,5 m til hvorrar hliðar hans og helgunarsvæði 33 kV jarðstrengs er 10 m breitt.

Landsnet leggur áherslu á að tengivirki á vegum fyrirtækisins verði tilgreind í skipulaginu og að sett verði ákvæði sem veiti svigrúm til uppbyggingar og endurbóta.

Landsnet leggur jafnframt áherslu á að samráð verði haft við fyrirtækið þegar kemur til hönnunar og/eða framkvæmda á og við helgunarsvæði strengja. Nauðsynlegt er einnig að tryggja greiðan aðgang að strengjum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Virðingarfyllt,

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

¹ [LEI-0068 | LEI 0-68 Vinna framkvæmdaraðila eða verktaka við þverun eða jarðvinnu í námunda við jarðstrengi Landsnets | QM \(ccq.cloud\)](#)

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

ÁSBRÚ TIL FRAMTÍÐAR, RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS

Umsögn


Reykjanesbær
b.t. Gunnar Kristinn Þór Ottósson

Hafnarfirði 25. janúar 2024

Með tölvupósti til Isavia dags. 21. desember 2023, þá óskaði Reykjanesbær eftir umsögn í máli nr. 1074/2023 í Skipulagsgáttinni varðandi Ásbrú til framtíðar, rammahluta aðalskipulags. Kynningartími var skilgreindur til 31. janúar 2024. Um er að ræða drög til kynningar á vinnslustigi varðandi framtíðarsýn fyrir Ásbrú til 2050 og er það endurskoðun á rammaskipulagi frá 2020 og frekari samræming við Þróunaráætlun Kadeco K64, þar sem er um að ræða nánari útfærslu fyrri stefnu og verið að leggja línur fyrir deiliskipulagsvinnu.

Umsögn

Helstu tengsl Isavia við Ásbrúarsvæðið eru í gegnum svæði Háaleitishlaðs sem er svæðið norðaustan við Þjóðbraut, sjá mynd af deiliskipulagi svæðisins að neðan. Í vinnslutillögunni þá er skilgreint suðvestan þess svokallað Háaleiti (sjá kort á bls. 3 úr rammahluta aðalskipulags) sem yrði einkum nýsköpunar- og athafnasvæði og stefnt að því að skilgreina þar sérhæfða atvinnustarfsemi sem tengist flugvellið fyrir nýsköpun, rannsóknir og fræðslu. Í tillögunni er fjallað um sérstakar tengingvar við flugvallarsvæðið um hlið á flugvallargirðingu. Auk þess liggur skilgreint svæði nefnt Holt í jaðri flugvallarsvæðis þar sem starfrækt eru gagnaver á svæði Ásbrúar.




Gildandi deiliskipulag fyrir Austursvæði Keflavíkurlugvallar, Háaleitishlað.

Hjá Isavia þá hefur Háaleitishlað verið í skoðun innanhúss með möguleg tækifæri og uppbyggingu, og samtöl átt sér stað við leigjendur og þróunaraðila sem eru á svæðinu í dag. Í þeim samtölum hefur komið fram mikill áhugi leigutaka á svæðinu fyrir frekari uppbyggingu ásamt því að bæta aðgengi viðskiptavina þeirra að hlaðinu. Sömuleiðis hafa aðilar sem ekki eru með aðstöðu á vellinum, leitað til Isavia varðandi hentugt húsnæði og/eða lóð.

Jafnframt má bæta við að í gildi deiliskipulag fyrir Austursvæði Keflavíkurflugvallar/ Háaleitishlað, dags. samþ. 23. mars 2018 m.s.br. Þar eru skilgreindar lóðir og tækifæri til uppbyggingar skv. því plani sem lá til grundvallar á þeim tímapunkti, en ekki er ólíklegt að byrjað verði að skoða frekar skipulagsleg tækifæri í jaðri svæðisins við Þjóðbraut, svæðið sem liggur að Ásbrúarsvæðinu.

Isavia myndi fagna samstarfi og samvinnu við Kadeco/ Reykjanesbæ í vinnunni við rammahluta aðalskipulags á Ásbrú varðandi þróun og uppbyggingu á þessu svæði í tengslum við svæði Háaleitishlaðs sem er innan flugvallargirðingar. Margvísleg tækifæri gætu legið í þeirri samvinnu og samlegð í uppbyggingu og þróun svæðanna beggja megin girðingar sem þarf og ættu að skoðast heildstætt.

Virðingarfyllst,



Björn Ingi Edvardsson
Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar

Björn Edvardsson
Skipulagsfulltrúi / Planning
Skipulagsdeild KEF / Airport district planning Keflavik Airport

